

## Íbúafundur á Raufarhöfn 5. apríl 2018

### Fundargerð

Íbúafundurinn var haldinn í félagsheimilinu Hnitbjörgum þann 5. apríl kl. 17:30.

Til fundarins mættu 34 íbúar, 3 frá sveitarfélaginu, og 3 frá HSN.

Formaður hverfisráðs, Gísli Þór Briem, setti fundinn, bauð alla velkomna, og kynnti dagskrá fundarins.

Gísli stýrði sjálfur fundi og María Peters Sveinsdóttir ritaði fundargerð.

Adriana Hagiú talaði fyrir hönd nýbúa og bað íbúa staðarins um að taka vel á móti nýbúum og gera það sem þeir gætu til að virkja nýbúa í samfélaginu. Hún sagði að sér og sinni fjölskyldu hefði alltaf liðið vel á staðnum, að það hefði verið eins og þau væru partur af stórri fjölskyldu á Raufarhöfn.

### Sjúkraflutningamál

Til máls tók Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN. Hann kynnti nýja stefnu HSN í sjúkraflutningamálum á Norðurlandi, og sagði stefnumótun vera í gangi í stofnuninni eftir sameiningu. Jón Helgi talaði um breytingar í sjúkraflutningamálum í tengslum við breyttar kröfur um menntun og þjálfun sjúkraflutningamanna. Hann sýndi íbúum tölur yfir heildarfjölda sjúkraflutninga á Norðurlandi. Hann kynnti vettvangslið fyrir viðstöddum, sem eru víða þekkt í þessari þjónustu, og sagði þau stytta viðbragðstíma að fyrstu hjálp. Hann talaði um kosti þess að hafa þjálfuð vettvangslið í bæjarfélögum, m.a. vegna þess að þá væri fólk þjálfað í fyrstu hjálp inni á vinnustöðum og víðar í samfélögum þar sem þeirra nyti við.

Þá kynnti Jón Helgi hvernig sjúkraflutningum yrði háttað á Raufarhöfn. Á Raufarhöfn yrði blandað kerfi bundinnar einmenningsvaktar og vettvangsliða. Þar yrði bundin vakt eins sjúkraflutningsmanns yfir vetrarmánuðina, 7 mánuði á ári, en vettvangslið yrðu til útköllunar á sumrin. Uppsetning vettvangsliða fæli í sér þjálfun á 6-10 mönnum.

Fram kom að Gísli Þór Briem hefur störf sem sjúkraflutningamaður þann 15. apríl, og Gísli sagðist alltaf vera til staðar fyrir samfélagið.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar til Jóns Helga.

Fram komu margar spurningar og sköpuðust heitar umræður um málið. Íbúar lýstu áhyggjum yfir þessu nýja kerfi, m.a. vegna þess að þeir þurfa að treysta á ólaunaða sjálfboðaliða yfir sumarið. Það væru engar vaktir, og íbúar sögðust eiga erfitt með að treysta þessu kerfi. Þeir lýstu yfir áhyggjum af því að enginn myndi mæta í útkall. Íbúar spurðu einnig út í ábyrgð vettvangsliða þegar yrðu slys eða mistök ættu sér stað.

  
HLG ALG

Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá HSN svaraði spurningum um vettvangslið. Hann sagði þau vera með tryggingu, og að slökkvilið og björgunarsveitir á hverjum stað væru í forsvari. Þegar Örn var spurður hvort þetta væri betra eða verra kerfi en það gamla, sagði Örn kerfið vera gott. Gísli tók undir og sagðist sjá þetta sem viðbót við núverandi þjónustu.

Fram kom að vettvangsliðar fá 40 stunda nám, og endurmenntun á þriggja ára fresti. Íbúum fannst þetta lítið nám og þjálfun og lýstu yfir áhyggjum af endurmenntuninni. Örn sagði vilja fyrir því að hafa árlega endurmenntun vettvangsliða. Hann sagði jafnframt að þeim stæði áfallahjálp til boða.

Íbúar sögðust vera sáttir við vettvangslið sem aðstoð, en væru alls ekki sáttir við að treysta þeim eingöngu fyrir útköllum 5 mánuði á ári.

Sigurður Halldórsson læknir steig í pontu og sagði að það væru bara kostir við að hafa vettvangsliðasveitir í samfélaginu, þá væru þjálfaðir menn til staðar á vinnustöðum og víðar. Hann sagði að ef 10 vettvangsliðar væru á staðnum þá væru hverfandi líkur á að enginn kæmi til aðstoðar sjúkraflutningamanni. Það væri ekki hægt að ætla einum manni að standa vaktina allt árið.

Að spurningum loknum viku gestir frá HSN af fundi, og Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri, steig í pontu.

### **Sveitarstjóri – spurningar og svör**

Kristján Þór talaði stuttlega um tilurð og tilgang hverfisráða, og lýsti yfir ánægju með störf ráðanna. Hann sagði ráðin styrkja tengsl staðanna við stjórnkerfið og stjórnsýsluna. Kristján Þór sagði að verið væri að ráða í nýja stöðu verkefnastjóra atvinnu- og samfélagsþróunar með starfsstöð á Raufarhöfn, og sagði að starfsmaður myndi aðstoða hverfisráði við að koma málum á framfæri.

Kristján Þór sagði frá auknu fjármagni í Heimskautsgerðið upp á rúmar 22 milljónir, og að verið væri að setja upp 3 fuglaskoðunarskýli í sveitarfélaginu, m.a. eitt við Höskuldarnes. Íbúar tóku þessum fréttum fagnandi. Hann sagði að aðaláhersla væri á tvö verkefni um þessar mundir; Heimskautsgerðið og vonandi yrði sýningarrými byggt upp í tengslum við sýningu Daníels Hansens og félaga í Lýsishúsinu.

Íbúar spurðu Kristján hvernig hægt væri að virkja heimamenn í viðhaldsvinnu á staðnum. Umræður urðu um hvenær væri skylt að hafa útboð og hvenær ekki, og var ákveðið að hverfisráð tæki málið til skoðunar og kannað leiðir hvort eðlilegt væri að ýta fleiri framkvæmdaverkefnum af stað gegnum heimaaðila.

Kristján Þór var spurður út í frárennismál í fjörunni; þar væri brotið rör og megnan óþef legði yfir svæðið. Kristján sagði að málið væri inni á borði sveitarfélagsins og væri í athugun hjá Orkuveitunni.

Talsverðar umræður sköpuðust um götulýsingar á Raufarhöfn, og fram kom hjá fundarmönnum að það skapaðist stórhætta á veturna á sumum gatnamótum í



þorpinu. Kristján Þór sagði að sveitarfélagið og Vegagerðin (á Aðalbraut) fari með götulýsingu á Raufarhöfn, en mikilvægt væri að koma upp nauðsynlegri lýsingu þar sem henni er sárlega ábótavant.

Fram kom fyrirspurn um það hvort slökkviliðsmenn fengju að fara í líkamsrækt án gjalds og sagði Kristján að eðlilegast væri að farið yrði eftir kjarasamningum í þeim efnum.

### Hverfisráð

María Sveinsdóttir, ritari sagði gestum fundarins frá þeim málum sem ráðið hefur sent frá sér og hafa farið fyrir byggðaráð og framkvæmdanefnd Norðurþings.

Ákveðið var að hafa sameiginlegan hreinsunardag í sveitarfélaginu, dagurinn verður valinn sem fyrst.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 19:40.

G. Þórunn

Amsh

Adriana Florentina Hognu

Jugibjörg Hlana Sigurdard.

HS